

Reglur nr. 586/1991 um gerð og útgáfu læknisvottorða

1. gr.

Lækni ber skylda til að votta samskipti sín og sjúklings, óski sjúklingur eftir því, eftir atvikum foreldri eða forráðamaður eða annar umboðsmaður hans.

2. gr.

Lækni ber að ganga tryggilega úr skugga um sönnur á persónu þeirri er vottorðið fjallar um og geta heimilda þegar það á við. Geta skal nafns, heimilisfangs og kennitölu sjúklings.

3. gr.

Við útgáfu læknisvottorða skal læknir sérstaklega hafa í huga tilgang vottorðsins. Læknir skal gæta fyllstu varkárni og nákvæmni við gerð læknisvottorða og einungis votta þau atriði er hann veit sönnur á. Orðalag skal vera ljóst og ekki til þess fallið að valda mistúlkun.

Læknir skal ekki staðhæfa annað í vottorði en það sem hann hefur sjálfur sannreynt. Geta skal nákvæmlega þeirra heimilda er vottorðið kann að styðjast við. Greina skal glögglega milli frásagnar annarra, eigin athugunar læknis og álita hans. Forðast skal staðhæfingar um óorðna framvindu um ástand sjúklings, er læknirinn lætur í ljós álit sitt.

4. gr.

Lækni ber að hafa í huga þagnarskyldu sína og siðarreglur við gerð læknisvottorðs. Hann skal sérstaklega gæta þess að óviðkomandi aðilum séu ekki látinn í té læknisvottorð nema fyrir liggja samþykkt sjúklings, foreldris eða forráðamanns eða annars umboðsmanns hans, sbr. 1. gr. Læknir skal hafa í huga að læknisvottorð getur orðið gagn sem getur haft afgerandi þýðingu varðandi úrskurð opinberra aðila og í dómsmálum. Í dómsmálum getur hann þurft að staðfesta vottorðið fyrir dómi.

5. gr.

Lækni ber að vanda allan frágang vottorðs. Notast skal við íslenskt orðaval og því aðeins erlend fræðiheiti að íslensk orð skorti. Vottorð skal dagsett og undirritað með eigin hendi læknis. Vottorðið skal þannig gert að sá sem notar vottorðið skilji innihald þess og markmið. Það skal koma fram með greinilegum hætti nafn, læknisnúmer, vinnustaður og sími læknisins. Vottorðið skal vélritað eða skrifað með læsilegri hendi (blokkskrift).

6. gr.

Reglur þessar, sem settar eru skv. 11. gr. læknalaga nr. 53/1988, með breytingu nr. 50/1990, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið
6. desember 1991.

Sighvatur Björgvinsson

Páll Sigurðsson